



Fundargerð

Priðjudaginn 22. apríl 2014 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 9.00 á skrifstofu Sveitarfélagsins Skagastrandar.

Á fundinn voru mættir: Magnús Sigurðsson, Ágúst Þór Bragason, Vignir Sveinsson og Magnús B. Jónsson.

Formaður stjórnar, Magnús Sigurðsson, setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Hnitbjörg

a. Uppgjör framkvæmda

Fyrir fundinum lá samantekt Bjarna Þórs Einarssonar um framkvæmdakostnað við endurbætur á félagsaðstöðu í kjallara Hnitbjarga og vegna úrbóta á drenkerfi hússins. Kostnaður við endurbætur á félagsaðstöðunni varð 19,6 milljónir en kostnaður við aðra þætti en beint við félagsaðstöðu var 20,1 milljón. Samtals kostnaður við frakvæmdirnar að teknu tilliti til endurgreiðslu á vsk vegna vinnu á byggingarstað var 39.7 milljónir kr. Stjórn yfirfór uppgjórið en gerði ekki athugasemdir við niðurstöðuna eða kostnaðarskiptingu.

b. Leigusamningur um félagsaðstöðu

Fyrir fundinum lágu drög að leigusamningi við Blönduósbæ vegna félagsaðstöðunnar að teknu tilliti til þess kostnaðar sem lagður var í endurnýjun og endurbætur á rýminu. Miðað er við að leiga verði hækkuð sem nemur greiðslubyrði 19.600.000 kr láns fram til ársins 2034. Miðað við þær forsendur hækkar leiga á mánuði fyrir rýmið um 105.259 kr. miðað við verðlag í nóvember 2013. Gert er ráð fyrir að leigan taki breytingum skv. neyslúvísitölu og sé miðuð við að leigusamningur gildi frá 1. nóvember 2014 til 1. apríl 2034. Að þeim tíma liðnum verði leigan tekin til endurmats ef vilji og forsendur eru til áframhaldandi leigu. Stjórn samþykkti framangreindar forsendur og fól framkvæmdastjóra að undirrita leigusamning samkvæmt þeim.

2. Skúlabraut 22, úttekt BPE.

Fyrir fundinum lá skoðunarskýrsla Bjarna Þórs Einarssonar á ástandi hússins að Skúlabraut 22 sem er sambýli fyrir fatlaða. Í ástandslýsingunni kemur fram mat hans á viðhaldsþörf hússins og tekin saman listi yfir helstu þætti sem þurfa úrbóta við. Ekki er lagt kostnaðarmat á framkvæmdina en bent á að skipta megi verkinu í verkhluta og nokkuð ljóst að viðhaldið er mismunandi mikið aðkallandi. Stjórn fór yfir ástandslýsinguna og ákvað að fara og skoða eignina í ljósi hennar en fá síðan kostnaðarmat á viðhaldsþáttum og tillögu að skiptingu í verkþætti.



3. Framkvæmdir 2014

a. Sæborg

Fyrir fundinum lá minnisblað Ingvars Gýgjars Sigurðarsonar, byggt á frumáætlun Atla G. Arnórssonar hjá Stoð um endurbætur á eigninni. Ingvar mætti á fundinn og fór yfir hvaða þættir hafi verið framkvæmdir af því sem til umfjöllunar var sl. haust. Farið var yfir kostnaðaráætlanir og gerður samanburður við fjárhagsáætlun. Samþykkt að gera þær endurbætur sem lagt er til að gerðar verði til að koma í veg fyrir frekari skemmdir eða niðurbrot eignarinnar. Samkvæmt fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir 14,6 milljónum til endurbóta. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna hitaveitu geti numið 1,5 milljón og því sé hægt að ráðast í framkvæmdir um 13 milljónir króna. Í fjárhagsáætlun er reiknað með að tekið verði lán að upphæð 17 milljónir til fjármögnunar á framkvæmdum ársins við Sæborg og íbúðir að Ægisgrund. Stjórn samþykkti að senda lánsúmsókn til Lánasjóðs sveitafélaga samkvæmt fjárhagsáætlun.

b. Ægisgrund 2-8

Ingvar gerði grein fyrir áætluðum kostnaði við hitaveitulagnir í eignina en óhjákvæmilegt virðist vera að skipta út ofnalögnum þar sem þær eru meira og minna úr eir og eru ekki taldar þola hitaveituvatn og eru auk þess ekki af réttum sverleika miðað við þá notkun.

Ætla má að kostnaður við hitaveitutenginguna geti orðið um 3 milljónir kr.

Umræður urðu um frumáætlun Atla G. Arnórssonar frá því í okt. 2013 um þakvirðgerðir og endurbætur utanhúss en ákveðið að ráðast ekki í þær endurbætur á þessu ári.

c. Hnitbjörg

Ágúst Þór fór yfir helstu þætti sem eftir er að ganga frá vegna framkvæmda utanhúss við Hnitbjörg á síðasta ári. Frágangur lóða og stétta er eftir og gert ráð fyrir að ráðist verði í það sem óhjákvæmilegt er að gera og skoðaður kostnaður við að bæta akstursleið upp að húsinu. Ákveðið að fá Bjarna Þór til að gera kostnaðaráætlun fyrir þær breytingar.

4. Bréf Guðjóns Ólafssonar, fræðslustjóra

Fyrir fundinum lá bréf Guðjóns Ólafssonar dags. 25. mars 2014 þar sem hann segir starfi sínu lausu frá og með næstu mánaðarmótum og óskar eftir þriggja mánaða uppsagnarfresti. Í bréfinu kemur fram að Guðjón er stoltur af að hafa verið þátttakandi í að byggja upp og þróa mikilsmetna fræðsluþjónustu og rifjar upp nokkur mikilvæg og metnaðarfull verkefni sem unnið hefur verið að.

Stjórnarmenn lýstu ánægju sinni með störf Guðjóns og að það muni verða vandfyllt skarð sem hann skilji eftir. Stjórn samþykkti að auglýsa 80% starf fræðslustjóra laust til umsóknar.

5. Málefni fatlaðra

Ágúst Þór Bragason sem jafnframt er formaður stjórna Róta bs. greindi frá stöðu og horfum í fjármálum byggðasamlagsins og málaflokksins á þjónustusvæði Róta. Fram kom að fyrirjáanlega verður nokkur skortur á fjármunum til rekstrarins og horfur á að það muni koma harðast niður á skammtímavistunum fyrir börn nema við verði brugðið með fjárframlögum annað hvort frá ríki eða sveitarfélögum. Möguleiki sé enn til að sækja um hjá



Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í ákveðin pott sem úthlutað verði úr. Fyrirsjáanlega verði að draga úr kostnaði og þar með þjónustu í þessum málaflokki.

6. Önnur mál

Á fundinum voru lögð fram drög að samkomulagi /yfirlýsingu þar sem Rætur bs. málefni fatlaðs fólks á vestanverðu Norðurlandi, Blönduósbær og Félags-og skólaþjónusta Austur Húnavetninga bs. gera með sér samkomulag þar sem Blönduósbær breytir félagslegu leiguhúsnæði í sinni eigu, Skúlabraut 8 Blönduósi og gerir það aðgengilegt til útleigu fyrir fatlað fólk, sem hefur þörf fyrir búsetu með þjónustu og sértækar lausnir í húsnæðismálum vegna fötlunar til viðbótar húsalegu leigutaka. Gert er ráð fyrir að gerður verði 12 ára leigusamningur en eftir þann tíma er litið svo á að lokið sé við að greiða niður fyrrnefndan kostnað og leigugjald íbúa standi undir rekstri á eigninni. Gert er ráð fyrir að mismunur leiguverðs verði greiddur af Félgs og skólaþjónustunni en Rætur bs. endurgreiði þann kostnað.

Stjórn samþykkti heimild til framkvæmdastjóra til að undirrita yfirlýsinguna fyrir hönd Félags og skólaþjónustu A-Hún.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir málefnum Sæborgar og voru starfsmannamál rædd sérstaklega.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 11.15

Magnús Sigurðsson,

Ágúst Þór Bragason,

Vignir Sveinsson,

Magnús B. Jónsson